



Útilistaverk á Húsavík

Helga Dagný Einarsdóttir

Contents

Inngangur	2
List í almannarými.....	3
Valin listaverk í bænum.....	4
Farfuglar - Sigurjón Ólafsson 1976.....	5
Ægir - Hallsteinn Sigurðsson 1981	6
Dans - Sigrún Guðmundsdóttir 1985	7
Ískristallar - Helgi Gíslason 1985	8
Vorkoma - Grímur Marinó Steindórsson 1995	8
Strandfuglar - Sigurjón Pálsson 2015	9
Hvalir - Branislav Skyba 2022	10
Verkefni unnið með nemendum	10
Kennsluáætlun fyrir verkefni út frá verkinu Ískristallar	12
Bæklingur um útilistaverk á Húsavík	13
Lokaorð	14
Heimildaskrá	15

Myndaskrá

Mynd 1 Tímalína útilistaverka á Húsavík	5
Mynd 4 Þau verk sem búið var að mála með glerungi	11
Mynd 2 Stykki eftir hrábrennslu	11
Mynd 3 Nokkrar teikningar nemenda.....	11

Inngangur

List hefur frá upphafi verið mikilvægur þáttur í menningu og sjálfsmynd samfélaga, en í gegnum aldirnar hefur hún tekið á sig ólíkar myndir og hlutverk. Listin er ekki lengur bundin við hvíta veggja safna og gallería, heldur hefur hún færst út fyrir hefðbundin rými og inn í daglegt líf okkar í gegnum útilist og list í almannarými. Slík list er sýnileg öllum, óháð aldri, uppruna eða félagslegri stöðu og hefur þannig einstakt tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi fólks, skynjun þess á þéttbýlisrýminu og tengsl þess við samfélagið. Í þessari greinargerð er sjónum beint að mikilvægi og fjölbreyttum tilgangi listar í almannarými með sérstakri áherslu á Húsavík, þar sem sjö útilistaverk eru skoðuð nánar. Greint verður frá uppruna og samhengi verkanna og fjallað um þá listamenn sem að þeim standa. Þá er einnig sagt frá verkefni sem unnið var með nemendum í Borgarhólsskóla út frá völdu verki úr þessari umfjöllun. Unninn var bæklingur með það í huga að hann gæti nýst til að fræða íbúa og gesti Húsavíkur um þau útilistaverk sem bærinn hefur að geyma, sama hvort það sé hinn almenni íbúi eða nemendur. Með umfjölluninni eru spurningar til að aðstoða áhorfandann við að rýna í verkin, en spurningarnar voru flestar fengnar að láni úr fræðslupakka Listasafns Íslands, *Sjónarafl-þjálfun í myndlæsi*, sem er kennsluefni í myndlæsi byggt á myndlæsisaðferðum á borð við Visual thinking strategies (Ragnheiður Vignisdóttir, Marta María Jónsdóttir og Hólmur Hólm, 2023).

List í almannarými

Margir hugsa eingöngu um list sem málverk eftir fræga listamenn sem hanga á söfnum eða í lista galleríum. Listaverk geta þó verið hvar sem er og verið hvað sem listamanninum dettur í hug. List í almannarými eru verk sem hægt er að sjá úti þegar menn fara t.d. í göngutúra eða aka um bæi og borgir. Þessi verk eru oftast í eigu sveitarfélaga, borga, ríkis eða stofnana en þó finnast verk í einkaeigu einnig í almannarými (Starkaður Sigurðson, 2019). Útilistaverk í almannarými hér á landi höfðu í upphafi 20. aldar yfirlýst pólitísk og menningarsöguleg markmið og áttu t.d. að vera áminning um sjálfstæðisbaráttuna ásamt því að fegra byggingar Reykjavíkur borgar og umgjörð þeirra. Á undanförunum áratugum hefur þó list á samfélagslegum mörkum hins opinbera verið aðferð listamanna og borgaryfirvalda til mynda ríkari tengsl á milli almennings og umhverfisins (Æsa Sigurjónsdóttir, 2018). Eins hafa útilistaverk verið ein af þeim leiðum sem almenningur getur nýtt til að hafa áhrif á almannarýmið sem virðist færast æ meir úr höndum þeirra (Starkaður Sigurðson, 2019).

List í almannarými hefur fjölþættan ávinning fyrir íbúa. Verkin spegla oft á tíðum menningararf og fjölbreytileika samfélagsins og getur þannig styrkt bönd þess með því að veita sameiginlega upplifun og ýta undir stolt á umhverfi sínu. Þá geta listaverkin einnig veitt fólki tækifæri til að hafa samskipti, ræða saman og taka þátt í umhverfinu. Skúlptúrar og veggmyndir sem fela í sér hverskonar gagnvirkni skapa einnig tækifæri til félagslegra samskipta og þessi þátttaka breytir ekki einungis staðarupplifuninni heldur ýtir jafnframt undir tilfinningu fyrir því að tilheyra (East end arts and humanities council, e.d.)

Að hafa tækifæri til að upplifa list getur líka haft jákvæð áhrif á heilsuna, stuðlað að geðheilbrigði og almennri vellíðan með því að draga úr streitu (East end arts and humanities council, e.d.), sérstaklega ef einstaklingurinn fær að taka þátt í að velja eða skapa verkið (Young, 2022). Með útilistaverkum er einstaklingum útvegað tækifæri til að upplifa þennan ávinning og auka þannig lífsgæði í þéttbýli (East end arts and humanities council, e.d.).


Ásamt því að hafa jákvæð áhrif á heilsu íbúa þá hafa rannsóknir sýnt að list í almannarými getur bætt öryggistilfinningu almennings. Öruggari hverfi geta dregið úr

hættu íbúa á að verða fyrir eða verða vitni af ofbeldi og glæpum sem og að laða að nýja íbúa eða fyrirtæki (Young, 2022). Listin getur því virkað sem mikilvægur drifkraftur efnahagsvaxtar með því að laða að nýbúa, ferðamenn, lífga upp á hverfin og ýta undir starfsemi fyrirtækjanna í nágrenninu en þetta sýnir fram á áþreifanlegan ávinning af því að fjárfesta í list í almannarými (East end arts and humanities council, e.d.).

Þó að jákvæðar hliðar listaverka í almannarými séu margar getur oft verið þunn lína á milli þess að verkið sýni einungis listræna tjáningu listamannsins sem áhorfandinn tengir ekkert við og þess að halda uppi gildum samfélagsins. Umdeild listaverk geta því vakið upp sterkar tilfinningar og rökræður um tilgang verksins og er að því leiti nauðsynlegt að nálgast val á verkum með opinni umræðu til að tryggja að verkið nái jákvæðri tengingu við áhorfendur sína. Þá er einnig mikilvægt að tryggja fjármagn til að viðhalda verkunum sem best, en það getur oft setið á hakanum þegar kemur að rekstri bæja og borga (East end arts and humanities council, e.d.).

Valin listaverk í bænum

Á Húsavík er að finna þónokkuð af útilistaverkum og minnismerkjum. Ákveðið var þó að velja aðeins sjö þeirra fyrir umfjöllun þessa verkefnis og kemur fram í þessum kafla umfjöllun um þau og listamennina, í aldursröð, það elsta fyrst. Áhugavert er að sjá hve seint farið var að setja upp útilistaverk á Húsavík en elsta verkið var ekki sett upp fyrr en árið 1976. Eins og sést á tímalínunni hér að neðan voru flest verkana sett upp á árunum 1976-1995 og voru engin önnur varanleg verk í almannarými sett upp fyrr en 2015 samkvæmt þeim heimildum sem höfundur fann. Eins er áhugavert að sjá að af þessum sjö verkum er aðeins einn kvenmaður í hópi listamannanna, Sigrún Guðmundsdóttir, en hún var einmitt ein af yngri kvenmyndhöggvurum landsins á þeim tíma („Hann kenndi mér að sjá“, 1983). Verkið Dans eftir Sigrúnu var gefið af kvenfélagi Húsavíkur og spurning hvort að það hafi ekki spilað inn í valið.



Mynd 1 Tímalína útlístaverka á Húsavík

Farfuglar - Sigurjón Ólafsson 1976

Skúlptúr úr járni og stendur á steiptum stöpli. Verkið er staðsett við grunnskólann á Húsavík, Borgarhólsskóla.

Tilurð verksins:

Verkið Farfuglar er minniskerki um landnámsmanninn Garðar Svavarsson sem talið er að hafi komið til landsins árið 870. Húsavíkurborgarstjórn lét gera verkið 1975 og stendur á lóð Borgarhólsskóla þar sem talið er að Garðar hafi reist sér hús á Borgarhóli. Hann bjó þar fyrstur manna í einn vetur. Þegar hann fór frá Íslandi stóðu húsin eftir og hefur staðurinn frá því verið kallaður Húsavík og sagt vera eitt elsta örnefni landsins (Samband íslenskra sveitafélaga, 1993).

Verkið hefur verið umdeilt en gamall Húsvíkingur, sem hélt að verk sem ætti að minna á mann ætti að vera í mannsmynd, lét þau orð falla að listamaðurinn hefði eflaust ekki þekkt mikið til Garðars, ef hann teldi þetta verk líkjast honum („Líklega ekki séð hann“, 1996).

Listamaðurinn:

Sigurjón Ólafsson (1908-1982) hlaut sína fyrstu tilsögn í myndlist hjá listmálaranum Ásgrími Jónssyni og síðar Einari Jónssyni myndhöggvara. Árið 1928 fór hann til Kaupmannahafnar og hóf nám í Konunglegu Akadémíunni þar sem honum gekk vel og

hlaut gullverðlaun fyrir eitt verka sinna árið 1930. Þegar Sigurjón lauk námi 1935 við Akademiuna var hann talinn einn af efnilegustu yngri myndhöggvurum Danmerkur.

Sigurjón sneri heim eftir seinni heimsstyrjöldina og var meðal brautryðjenda abstraktlistar hér á landi, þar að auki var hann talinn einn helsti portrettlistamaður sinnar samtíðar. Sigurjóni var falið að gera fjölda opinberra verka og eru á annan tug útilistaverka eftir hann í Reykjavík, sem dæmi má nefna lágmyndina á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar og Öndvegissúlurnar við Höfða.

Efniviður sem Sigurjón vann með var fjölbreyttur og má þá nefna leir, gips, tré, málma, stein og steinsteypu en á síðari ævi árum notaði hann oft tré eða rekavið í verk sín (Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, e.d.).

Ægir - Hallsteinn Sigurðsson 1981

Skúlptúr úr plötujárni og steiptum stöpli á lóð Húsavíkurkirkju.

Tilurð verksins:

Slysavarnadeild kvenna á Húsavík stofnaði Minningarsjóð látinna sjómanna á Húsvík árið 1963, með það markmið að kosta minnisvarða og uppsetningu á honum. Þökk sé stuðnings einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka safnaðist nægt fé til að fara í þá framkvæmd og var verkið *Ægir* eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara valið og var það Vélsmiðjan Foss sem sá um stækkun á frummyndinni og allri vinnu við verkið. Verkið var afhjúpað á sjómannadaginn 1981 á lóð Húsavíkurkirkju að lokinni sjómannadagsmessu, þar sem flutt voru frumsamin lög og ljóð og ávarp frá formanni kvennadeildar Slysavarnarfélagsins („Minnisvarði um látna“, 1981).

Listamaðurinn:

Hallsteinn Sigurðsson (1945-2024) var ungur að aldri þegar hann helgar sig myndlistinni. Sem unglingur aðstoðaði hann föðurbróðir sinn, Ásmund Sveinsson myndhöggvara, við að stækka verkin í garðinum umhverfis hús Ásmundar og við þá vinnu varð mótun að ástríðu. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann 1963-1966, hélt síðan til London þar sem hann lærði höggmyndagerð í Hammersmith College of Art (Andlát: Hallsteinn Sigurðsson, 2024). Eftir það hélt hann í námsferðir meðal annars til Bandaríkjanna, Grikklands og Ítalíu (Mosfellsbær, e.d.).

Hallsteinn vann að mestu abstrakt skúlptúra úr málm en vann þó einnig steipt verk með vísun í goðsöguleg minni og einnig í leir og gíps. Verk hans má finna um allt land, mest í Reykjavík en árið 2013 gaf hann til Reykjavíkurborgar veglega gjöf, 16 höggmyndir úr áli sem standa í landi Gufuness (Andlát: Hallsteinn Sigurðsson, 2024) og ber garðurinn heitið Hallsteinsgarður.

Dans - Sigrún Guðmundsdóttir 1985

Skúlptúr úr sedrusviði sem stendur á stöpli úr íslensku grágrýti. Verkið er staðsett í skrudgarði Húsavíkur.

Tilurð verksins:

Umræðan um gerð skrudgarðs á Húsavík hófst snemma á síðustu öld en verkefnið hófst þó ekki af alvöru fyrr en árið 1975 eftir að Kvenfélagskonur á Húsavík höfðu ýtt á eftir því frá árinu 1970 þegar ákveðið var að ágóða af gos og sælgætissölu 17. júní rynni til framkvæmda á gerð skrudgarðsins. Næstu árin gaf kvenfélagið fjölda plantna við uppbyggingu garðsins, héldu utan um viðhald og hvöttu jafnvel bæjarbúa til að leggja sitt afl á vogarskálarnar við hinar ýmsu framkvæmdir. Árið 1985 skiluðu kvenfélagskonur garðinum formlega af hendi eftir að hafa verið helsti drifkraftur í uppbyggingarstarfi hans í tíu ár (Bragi Bergsson, 2017). Af því tilefni gaf kvenfélag Húsavíkur listaverk sem komið var þannig fyrir að það horfir yfir hinn svo kallaða andapoll. Tilefnið var einnig 90 ára afmæli félagsins og var verkið Dans eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur myndhöggvara fyrir valinu sem var afhjúpað að listakonunni viðstaddri, bæjarstjórnarmönnum og nokkrum kvenfélagskonum (Sigurður P. Björnsson, 1985).

Listamaðurinn:

Sigrún Guðmundsdóttir (f. 1942) lærði höggmyndalist í Myndlistaskólanum í Reykjavík hjá listamönnunum Ásmundi Sveinssyni og Ragnari Kjartanssyni. Eftir það hélt hún til Noregs þar sem hún vann í tvö ár undir handleiðslu Per Ung og fór síðar í Listaakademíuna í Osló þar sem hún var hjá myndhöggvaranum Per Palle Storme til ársins 1969. Fyrstu verk hennar eru unnin eftir lifandi fyrirmyndum og móðurhlutverkið spilaði stórt hlutverk í inntaki myndanna sem eru í natúralískum stíl. Þegar leið á fór þó að verða vart við breytingar og formin urðu geometrískari en ávallt spila tilfinningar stóran part í innblæstri hennar („Hann kenndi mér að sjá“, 1983).

Sigrún vinnur í fjölbreyttan efnivið og eru hennar fyrstu verk unnin í leir, gips, brons og stein en á síðari árum hefur hún aðallega notast við tré og stál (Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, e.d.).

Ískristallar - Helgi Gíslason 1985

Verkið er úr ryðfríu stáli og utan á íshúsinu niður við Húsavíkurbryggju.

Tilurð verksins:

Íshús Fiskiðjusamlags Húsavíkur (FH) var tekið í notkun í október 1985. Þegar bygginganefnd bæjarins úthlutaði lóðina fyrir bygginguna fylgdi því ákveðin kvöð um útlit hennar („Lágmyndir á íshús FH“, 1985). Húsið sem er steinsteypt og einangrað að utan með stálklæðningu þótti heldur tómlegt og kom sú hugmynd frá byggingarnefndinni að setja listaverk á það, sem forstjóri FH tók vel í. Myndhöggvarinn Helgi Gíslason var fenginn í verkið og teiknaði hann og smíðaði fjögur verk sem hvert fór á sína hlið hússins („Sextíu fermetra list á íshúsi“, 1985). Verkin eru lágmyndir úr ryðfríu gljáandi stáli, um átta metrar á hæð og rúmir þrjú metrar á breidd og voru þetta fyrstu verk Gísla af þessari stærðargráðu. Hann sá sjálfur um uppsetningu verkanna ásamt hópi starfsmanna FH („Lágmyndir á íshús FH“, 1985).

Listamaðurinn:

Helgi Gíslason (1947) stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann 1965-1969. Hann hélt til Svíþjóðar 1971 í frekara nám við Valands konstskola í Gautaborg sem stóð yfir í fimm ár þar sem hann kynntist bronssteypu tækninni sem hann hefur unnið mikið með (Hildur Einarsdóttir, 1984). Verk Gísla eru afar fjölbreytt og hefur hann meðal annars unnið fjölda brjóstmynda í brons, ýmiskonar skúlptúra og teikningar. Efniviðurinn sem hann notar mest er leir, gips, járn, steinsteypa og bronssteypa (Árni Matthíasson, 2012).

Vorkoma - Grímur Marinó Steindórsson 1995

Járnverk sem stendur á steini. Verkið er á lóð Framhaldsskólans á Húsavík.

Tilurð verksins:

Verkið Vorkoma eftir Grím Marinó Steindórsson, sem stendur á lóð Framhaldsskólans á Húsavík, var sett upp í minningu fjögurra ungra manna sem allir stunduðu nám við skólann en létust allt of ungir. Foreldrar þeirra gáfu listaverkasjóði skólans gjafir í

minningu þeirra en einnig komu rausnarlegar gjafir frá bæjarstjórn og menningarmálanefnd Húsavíkur sem og skólasjóði skólans. Fjöldi fyrirtækja á svæðinu komu einnig að því að koma verkinu frá Kópavogi til Húsavíkur og lögðu til vélar, vinnu og kostnað við að koma verkinu á sinn stað og var verkið vígt við setningu skólans 30. ágúst árið 1996. („Nýtt útilistaverk vígt“, 1996)

Listamaðurinn:

Grímur Marinó Steindórsson (1933-2019) sótti nám í Myndlista- og handíðaskólanum en var einnig lærður járnsmiður og starfaði sem slíkur ásamt því að gera út trillu frá unga aldri. Samhliða þessu sinnti hann höggmynda og málalartistinni. Útilistaverk eftir Grím er hægt að finna víða um landið (Eiríkur Þ. Einarsson, 2025).

Grímur sagðist sjálfur vinna í hvern þann efnivið sem á vegi hans yrði. Flest hans verk eru þó unnin í ryðfrítt stál og mörg þeirra með hverskyns bergi. En efnið sjálft veitti honum innblástur sem og lífið í náttúrunni (Grímur Marinó Steindórsson, 2015).

Strandfuglar - Sigurjón Pálsson 2015

Á þaki verbúðanna standa þrír strandfuglar í yfirstærð. Fuglarnir eru gerðir úr við með málaða stál fætur.

Tilurð verksins:

Sveitarfélagið Norðurþing óskaði eftir því að fá að setja upp fuglana þrjá sem voru afhjúpaðir á bæjarhátíð Húsavíkur, Mærudögum, árið 2015 og þakkaði listamaðurinn Sigurjón Pálsson fyrir þann heiður og traust sem honum var sýnt við athöfnina að viðstöddum þáverandi sveitarstjóra og fjölda annara gesta (640.is, 2015).

Þessir tilteknu tréfuglar eru ein af þekktustu hönnunum Sigurjóns og eru framleiddir af Danska hönnunarrísanum Normann Copenhagen (NC), þeir eru með söluhæstu vörum þeirra, en þeir eru seldir um allan heim. Upprunalega hannaði Sigurjón fuglana fyrir smið á Húsavík sem kominn var á heldri árin en vantaði verkefni til að vinna að á rennibekk sínum fyrir handverksmarkað. Eigandi Normann Copenhagen féll þó fyrir fuglunum og óskaði eftir að fá þá til framleiðslu sem smiðurinn gamli að sjálfsögðu samþykkti (Hraðið miðstöð nýsköpunar, e.d.). Strandfuglinn er þó ekki eini fuglinn sem NC framleiða eftir

hönnun Sigurjóns en frá þeim er hægt að fá t.d. hænur og lunda (Þóroddur Bjarnason, 2019).

Listamaðurinn:

Sigurjón Pálsson (f. 1950) er húsgagnahönnuður að mennt og útskrifaðist frá The Royal Danish Academy- Architecture, Design, Conservation í Kaupmannahöfn (Hraðið miðstöð nýsköpunar, e.d.). Hann ólst upp á Húsavík til níu ára aldurs og bjó þá ásamt móður sinni hjá afa sínum. Hann var mikill náttúru unnandi og fræddi Sigurjón um íslenska fugla sem hefur verið honum mikill innblástur (640.is, 2015). Sigurjón hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir hönnun sína og verið tilnefndur til menningarverðlauna DV. Ásamt þessu hefur hann reynt fyrir sér sem spennusagna höfundur og hlaut Blóðdropann 2012 (Hraðið miðstöð nýsköpunar, e.d.).

Hvalir - Branislav Skyba 2022

Verkið er máluð veggmynd á suður vegg verbúðanna.

Tilurð verksins:

Tilfni verksins kom til af frumkvæði listamannsins, slóvakískum manni að nafni Branislav Skyba, en hann bjó á Húsavík í sex mánuði árið 2022. Hann hefur málað í fjölda ára og vantaði verkefni á meðan á dvöl hans í bænum stóð. Honum þótti þessi staðsetning kjörin og hvað annað en hvali ætti hann að velja sem myndefni í hvalabænum mikla.

Fyrir honum snerist þetta meira um augnablikið fremur en verkið sjálft. Branislav vildi tengjast heimamönnum og ferðamönnum sem áttu leið um bæinn, en veggurinn er handan götunnar frá Húsavíkirkirkju og því mikill fjöldi fólks sem fer þar hjá dags daglega. Hann segir verkið þó óklárað og hyggst koma til Húsavíkur aftur sem fyrst til þess að klára það (Branislav Skyba, munnleg heimild, 1. maí 2025).

Verkefni unnið með nemendum

Það væri hægt að vinna ótal verkefni út frá þeim listaverkum sem búið er að útlista hér í þessari greinargerð en hér verður sagt frá einu verkefni sem höfundur vann með nemendum úr 5. bekk í Borgarhólsskóla á Húsavík. Verkefnið var unnið út frá verkinu

Ískristallar efri Helga Gíslason. Verkið er lágmynd og var því kjörið að kynna það hugtak betur fyrir nemendum. Farið var yfir sögu lágmynda í stuttu máli og skoðað hvernig lágmyndir hafa verið notaðar t.d. til að skreyta byggingar í gegnum aldirnar. Að því loknu var varpað upp mynd af verki Helga og nemendur spurðir hvort þeir könnuðust við þetta verk. Flestir svöruðu því játandi en voru öll jafn hissa þegar þau voru spurð hvort þau hefðu tekið eftir því að það væru fjögur svona verk á húsinu. Þá var nemendum sagt titil verksins og hvers vegna það var sett upp.

Listamaðurinn sagði verkið óhlutbundið („Lágmyndir á íshús FH“, 1985) en þar sem verkið er staðsett niðri við bryggju var ákveðið að vinna lágmynd í leir með hafið sem þema. Farið var á bókasafn skólans og sóttar bækur sem sýndu lífverur í hafinu svo nemendur gætu sótt sér innblástur. Á meðan bækurnar voru skoðaðar og skissu vinna hófst, fóru af stað skemmtilegar umræður um lífríkið í hafinu og hvort ákveðin dýr lifðu við Ísland eða ekki. Þá rifjuðu nemendur einnig upp það sem þau höfðu lært af heimsóknum sínum á Hvalasafnið á Húsavík.

Verkefnið gekk vel fyrir sig og nemendur voru áhugasamir. Því miður hefur dregist að klára verkefnið vegna þess að skipt var um hópa í list- og verkgreinum eftir að hrábrennslu lauk og hafa því ekki allir nemendur náð að setja glerung á verkin sín. Hér fyrir neðan má þó sjá nokkrar myndir af afrakstri þeirra sem og kennsluáætlun fyrir verkefnið.



Mynd 3 Stykki eftir hrábrennslu



Mynd 4 Nokkrar teikningar nemenda



Mynd 2 Þau verk sem búið var að mála með glerungi

Kennsluáætlun fyrir verkefni út frá verkinu Ískristallar

Bekkur: 5. bekkur	Námsgrein: Myndmennt
Dagsetning:	Tími: 4x60 mín
Viðfangsefnið: Lágmyndir í sögulegu samhengi, lágmyndir í heimabyggð, lífríki hafsins	
Markmið/Hæfniviðmið: Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none">• notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk,• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,• beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,• gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013)	
Kveikja: Umfjöllun um lágmyndir og lágmyndin Ískristallar eftir Helga Gíslason	
Tæki og tól: <ul style="list-style-type: none">• Bækur um lífríki sjávar• Blöð til að skissa á• Blýantar og strokleður• Reglustikur• Svuntur• Leir og áhöld til að vinna í leirinn• Glerungur	

Fyrsti tími:

- Stutt frásögn kennara um lágmyndir og umræður
- Farið á skólabókasafnið og bækur um lífríki sjávar skoðaðar
- Nemendur byrja að skissa hugmyndir fyrir verkið sitt. Teikna ferning á blað sem er 15x15 cm og teikna innan í hann þá mynd sem þeim langar að gera í leirinn

Annar tími:

- Kennari sýnir nemendum hvernig leirinn er hnoðaður, flattur út og skorinn í 15x15 cm flís. Þá sýnir kennari nemendum hvernig best sé að festa leir við flísina með því að nota áhöld til að klóra í leirinn og bera leirlím í klórið

- Nemendur skera sína flís út og hefjast handa við að móta sínar lágmyndir með skissuna sína til hliðsjónar.
- Ef nemendur ná ekki að klára er stykkið þeirra geymt undir rakri tusku á viðarplatta inni í plastpoka, annars er því komið fyrir til þurrkunar

Þriðji tími:

- Þeir nemendur sem eiga eftir að klára stykkinn sín halda áfram þar sem frá var horfið
- Þeir sem náðu að klára fá að vinna frjálst verk í leir

Fjórði tími:

- Nemendur fá stykkinn sín hrábrennd og mála þau með glerungi

Bæklingur um útilistaverk á Húsavík

Þessari greinargerð fylgir bæklingur þar sem upplýsingar um verkin hér að ofan koma fyrir. Þeim er raðað í tímaröð með ljósmyndum af verkunum og listamönnunum. Þá koma fram spurningar til áhorfandans til að aðstoða hann að rýna í verkið og mynda sér persónulega skoðun á því byggða á gagnrýnni hugsun og eigin reynslu. Spurningarnar voru flestar fengnar að láni úr kennsluefni Listasafns Íslands, *Sjónarafl- þjálfun í myndlæsi*. Það kennsluefni er meðal annars byggt á myndlæsisaðferðinni Visual thinking strategies (VTS) og gefur góða lykila til að fylgja þegar rýnt er í listaverk (Ragnheiður Vignisdóttir, Marta María Jónsdóttir og Hólmar Hólm, 2023). Að þessu sinni voru aðeins sjö verk valin til umfjöllunar en vonandi gefst tími til að stækka efnið og bæta fleiri verkum við. Markmiðið með þessum bæklingi er að koma honum vonandi á einhvern opinberan vettvang sem auðvelt er að nálgast svo að sem flestir geti fræðst um þá menningarlegu arfleið sem bærinn okkar hefur upp á að bjóða. Það er synd að sögu þessara verka sé ekki haldið á lofti og almenn vitneskja sé ekki meiri. Þá verður þetta vonandi til þess að sveitafélagið haldi áfram að fjárfesta í listaverkum fyrir almannarými en eins og fram hefur komið í upphafi þessarar greinargerðar geta útilistaverk haft afar jákvæð áhrif á íbúa.

Lokaorð

List í almannarými gegnir mikilvægu hlutverki í að móta og styrkja sjálfsmynd samfélaga.

Hún er ekki aðeins sjónræn skreyting heldur lifandi þátttakandi í daglegu lífi fólks.

Útilistaverk á stöðum eins og Húsavík sýna hvernig list getur endurspeglað sögu, menningu og gildi tiltekins samfélags og vakið um leið til umhugsunar um rýmið sem við búum í. Með því að gera list aðgengilega öllum, óháð félagslegum eða menntunarlegum bakgrunni, stuðlar hún að aukinni þátttöku og meðvitund almennings um gildi skapandi hugsunar í sameiginlegu rými. Það er því mikilvægt að hlúa áfram að þróun listar í almannarými sem hluta af menningarlegri uppbyggingu og samfélagslegri samræðu.

Heimildaskrá

Andlát: Hallsteinn Sigurðsson. (2024, 26. janúar). *Mbl.is*.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/01/26/andlat_hallsteinn_sigurdsson/

Árni Matthíasson. (2012, 1. september). Í húminu, hinu óræða, þar sem hið ómögulega getur gerst. *Morgunblaðið*.

<https://timarit.is/page/6027663?iabr=on#page/n47/mode/2up/search/Helgi%20G%C3%ADslason%20myndh%C3%B6ggvari>

Bragi Bergsson. (2017). Skróðgarðurinn á Húsavík. *Skógræktarritið*, 2017(1), 16-29.

<https://www.skog.is/wp-content/uploads/2022/06/Rit2017-1.pdf>

East end arts and humanities council. (e.d.) *The Importance of Art in Public Spaces*.

<https://eastendarts.org/art-in-public-spaces/>

Eiríkur Þ. Einarsson. (2025, 22. janúar). *Grímur Marinó Steindórsson*.

<https://eirikur.is/utlistaverk/gms/>

Grímur Marinó Steindórsson. (2015, 24. ágúst). *Þetta segir listamaðurinn* [stöðuuppfærsla].

Facebook. https://www.facebook.com/grimurm76/?locale=ja_JP

Hann kenndi mér að sjá og finna harmóníuna í mannlíamanum. (1983, 22. júní).

Dagblaðið Vísir, bls. 18. <https://timarit.is/page/2477433#page/n17/mode/2up>

Hildur Einarsdóttir. (1984, 10. ágúst). Vil gefa skúlptúrnum hreyfingu og sjálfstætt líf.

Morgunblaðið, bls. 36-37.

<https://timarit.is/page/1597581?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/Helgi%20G%C3%ADslason%20myndh%C3%B6ggvari>

Hraðið miðstöð nýsköpunar. (e.d.). Sigurjón Pálsson.

<https://www.hradid.is/sigurj%C3%B3n-p%C3%A1lsson>

Lágmyndir á íshús FH. (1985, 16. október). *Dagur*, bls. 11.

<https://timarit.is/page/2673777?iabr=on#page/n10/mode/2up/search/sext%C3%ADu%20fermetra%20list%20%C3%A1%20%C3%ADsh%C3%BAsi%C3%B0%20H%C3%BAsav%C3%ADk>

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. (e.d.). *Um Sigurjón Ólafsson*. <http://www.lso.is/>

Líklega ekki séð hann eða haft vondu mynd. (1996, 25. maí). *Morgunblaðið*, bls. 17.

<https://timarit.is/page/1854530#page/n16/mode/2up>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*.

Minnisvarði um látna sjómenn afhjúpaður. (1981, 17. júní). *Morgunblaðið*, bls. 13.

<https://timarit.is/page/1542296?iabr=on#page/n12/mode/2up/search/%C3%A6gir%20minning%20um%20l%C3%A1tna%20sj%C3%B3menn%20h%C3%BAsav%C3%ADk>

Mosfellsbær. (e.d.). *Hallsteinn Sigurðsson*.

<https://mos.is/mannlif/menning/listaverk/hallsteinn-sigurdsson>

- Myndhöggvarafélagið í Reykjavík. (e.d.). *Heiðursfélagar*. <https://mhr.is/heidursfelagar-honorary-fellows>
- Nýtt útilistaverk vígt. (1996, 25. september). *Dagblaðið Vísir*, bls. 10.
<https://timarit.is/page/2945519?iabr=on#page/n9/mode/2up/search/n%C3%BDtt%20%C3%BAtilistaverk%20v%C3%ADgt>
- Ragnheiður Vignisdóttir, Marta María Jónsdóttir og Hólmar Hólm. (2023). Sjónarafl - þjálfun í myndlæsi. Listasafn Íslands. https://prismic-io.s3.amazonaws.com/listasafn_islands/a93539c1-bf5e-484f-85cf7809c1e206f2_Sjonarafl_Listasafn_isl_allt_efni_vefur_sept_2023.pdf
- Samband íslenskra sveitafélaga. (1993). Listaverk á opin svæði?. *Sveitarstjórnarmál*, 53(1), 9.
<https://timarit.is/page/5993796?iabr=on#page/n14/mode/2up/search/minnisvar%C3%B0i%20Gar%C3%B0ar%20Svavarsson%20H%C3%BAsav%C3%ADk>
- Sextíu fermetra list á íshúsi. (1985, 28. október). *Dagblaðið Vísir*, bls. 42.
<https://timarit.is/page/2508449?iabr=on#page/n41/mode/2up/search/%C3%ADskristallar%20%20fiski%C3%B0jusamlag%20H%C3%BAsav%C3%ADk%20Helgi%20G%C3%ADslason>
- Sigurður P. Björnsson. (1985, 18. júlí). Standmynd frá kvenfélaginu afhjúpuð. *Morgunblaðið*, bls. 21.
<https://timarit.is/page/1615551?iabr=on#page/n20/mode/2up/search/kvennf%C3%A9lagskonur%20listaverki%C3%B0%20Dans%20afhj%C3%BApa%C3%B0%20skr%C3%BA%C3%B0gar%C3%B0urinn%20H%C3%BAsav%C3%ADk>
- Starkaður Sigurðson. (2019, 30. janúar). Útilistaverk og lýðræði. *RÚV*.
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/utilistaverk-og-lydraedi>
- Young, C. (2022, 16. nóvember) How Public Art Can Improve Quality of Life and Advance Equity. *Housing Matters*. <https://housingmatters.urban.org/articles/how-public-art-can-improve-quality-life-and-advance-equity>
- Þóroddur Bjarnason. (2019, 2. júlí). Má aldrei vanta fugla. *Morgunblaðið*, bls.12.
<https://timarit.is/page/7127091?iabr=on#page/n11/mode/2up/search/sigurj%C3%B3n%20p%C3%A1lsson%20h%C3%BAsav%C3%ADk/inflexions>true>
- Æsa Sigurjónsdóttir. (2018). Óræð Inngrip og pólitísk orðræða í borginni. *Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2018(2), 75-103.
<https://timarit.is/page/7883387?iabr=on#page/n73/mode/2up/search/list%20%C3%AD%20almannar%C3%BDmi>
- 640.is. (2015, 1. ágúst). Strandfuglar Sigurjóns.
<https://www.640.is/is/frettir/strandfuglar-sigurjons>